

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1107	Fellsmúla	Jóhanna Hlöðversdóttir Stöðvastjóri			
Matorka ehf. Fellsmúla	851 Hella				
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	30.7.2020	6.8.2020	2,50	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 12. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga
	5.1.1 Þjálfun starfsfólks

#### Aðrar athugasemdir

Viðstaddir eftirlitið voru ásamt undirrituðum, starfsmenn Matvælastofnunar, þau Hjörur Methúsalemsson og Vigdís Sigurðardóttir starfsmenn Matvælastofnunar.

Farið var yfir gæðakerfi fiskeldisstöðvarinnar og í framhaldinu var aðbúnaður og fiskheldni stöðvarinnar skoðuð með stöðvastjóra.

Athugasemd er gerð við að ekki sé til staðar verklagsregla fyrir viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga eins og fram kemur í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Einnig er gerð athugasemd við að ekki er farið sérstaklega yfir viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga í þjálfunarskrá starfsmanna eins og kemur fram í 50. gr. í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Úrbæturvegna athugasemda skulu vera gerða eigi síðar en 30. október 2020 og verður það skoðað sérstaklega í næsta reglubundna eftirliti.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

#### Starfsstöð

Matorka ehf. Fellsmúla  
Fellsmúla  
851 Hella  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5004120540

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2 3 7

## Tengiliðir

---

Stefanía Katrín Karlsdóttir	8626519	stefania@matorka.is	Director of Business Development and Co-founder
Jóhanna Hlöðversdóttir	8475015	johanna@matorka.is	Stöðvastjóri

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Sett inn: 30.07.2020

Frávik

---

Engin verklagsregla til staðar á starfstöð fyrir viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga eins og fram kemur í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Sett inn: 30.07.2020

Frávik

---

Í þjálfunarskrá starfsmanna er ekki farið yfir viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga. skv.50.gr í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

Þjálfun starfsmanna allra sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva þar sem hámarkslífmassi í rekstrarleyfi er yfir 20 tonnum.

Rekstrarleyfishafi skal tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim. Jafnframt skal nýjum starfsmönnum kynnt gæðakerfi eldisstöðvar og þær verklagsreglur sem farið er eftir við stjórnun í eldisstöðinni.

**Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

2.1.1 Rekstrarleyfi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

3.2.3 Velferð fiska

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví

4.1.1 Dagbókarfærslur

4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

6.1.1 Mat á úrbótum

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.